

1875

97
4da
nóvbr.

lögreglustjórum að birta þau á hreppþingum, er þeir kveðja til með þingboði, verður ráðgjafinn að vera herra landshöfðingjanum samdóma í því, að það yrði ærið ísjárvert í lögum, er snerta eignarrjett einstakra manna svo mjög sem þessi lög, að breyta út af lögum þeim sem sett eru um birtingu laga.

Eptir að ráðgjafinn samkvæmt því, sem greint er að framan, hafði gjört allraþegn-samlegastar tillögur um málið, hefur með allrahæstum úrskurði frá 29. f. m. allramildilegast verið samþykkt, að fyrnefnt lagafrumvarp nái ekki samþykki konungs.

Jafnframt því að tjá herra landshöfðingjanum þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal eigi undanfellt að bæta því við, að atriði það, að ráðgjafinn hefur álitid sjer skylt að leggja það til, að hjer umrætt lagafrumvarp, sem alþingi hafði fallizt á, yrði ekki staðfest, gjörir það enn þá nauðsynlegra, að öllum þeim ráðum til að uppræta kláðaveiki þá, sem stofnar velmegun landsmanna í hættu, verði beitt með hinum mesta krapti. Þess vegna hefur ráðgjafanum verið kært, að sjá af auglýsingu herra landshöfðingjans frá 30. ágúst þ. á., að þjer í þessu tilliti eruð búinir að gjöra ítarlegar ráðstafanir, sem álitá má hentugar til að ná þessu augnamiði. Ráðgjafinn er ekki heldur í neinum vafa um, að þær ráðstafanir, ef þeim er framfylgt með nægilegum krapti, muni leiða til þess að kláðanum verði útrýmt, og eins og ráðgjafinn hefur reynt að gjöra það, sem í hans valdi stóð í þessu tilliti, með því eptir beiðni yðar að hlutast til um, að það meðöl þau, sem voru nauðsynleg til að framkvæma lækningarnar, og þjer höfðuð beizt í brjefi frá 18. september síðastliðnum, yrðu send, þannig býst ráðgjafinn við, að þjer framvegis sjáið um, að hið sterkasta eptirlit verði haft með að öllum fyrirmælum yðar verði hlýtt. Skyldi veikin samt þrátt fyrir ráðstafanir þær, sem þannig eru gjörðar, reynast svo hættuleg, að það yrði álitid nauðsynlegt að ganga fram með meiri strangleik, en heimild er til í lögum þeim, sem nú eru, verður að fhuga, hvort ástæða skyldi vera til að gjöra sjerlegar ráðstafanir til að yfirbuga veikindin, og ráðgjafinn verður þessvegna að óska, ef mögulegt er með sama pósti, en, hvað sem öðru liður, með fyrsta pósti að vori, að fá svo ítarlegar skýrslur um ástandið sem mögulegt er.

Með því að innihald þessa brjefs verður að álitazt að hafa þýðingu fyrir almenn- ing, skal herra landshöfðinginn um beiðinn, að birta það í stjórnartíðindunum.

98
8da
nóvbr.

Brjef ráðgjafa konungs fyrir Ísland (til landshöfðingja).

Um leið og vísað er til fjárlaga þeirra handa Íslandi fyrir árin 1876 og 77, er staðfest voru af konungi 15. f. m. og prentuð eru í stjórnartíðindunum A 13, skal með tilliti til áhrifa þeirra, sem lög þau um laun íslenzkra embættismanna o. fl. og um aðra skipun læknahjæraða á Íslandi o. fl., er staðfest voru sama dag, munu samkvæmt 18. gr. fjárlaganna hafa á upphæðir þær, er tilgreindar eru í 4. og 10.—13. grein fjárlaganna, þjónustusamlega athugað það, er nú segir:

Samkvæmt athugasemdum við 4. tölul. 4. gr. fjárlaganna þer, eptir að breyting sú á læknaSKIPUNinni, sem ráð var gert fyrir, hefur átt sjer stað með hinum síðastnefndu lögum frá 15. f. m. að taka læknaSjóðinn inn í landssjóð, en með tilliti til niðurröðunarinnar í fjárlögum hefur þó verið álitid rjettast, að sjóðurinn haldi áfram reikningstimabilið 1876 og 1877 að vera sjerstakur hluti hjálparsjóðsins, sem stiptysfirvöldin stjórni þannig að það, sem afgangs verður af hinum árlegu tekjum sjóðsins, verði greitt í jarðabókarsjóðinn sem gjald til hjálparsjóðsins.

Samkvæmt 15. grein í lögum um laun íslenzkra embættismanna o. fl. ná lög þessi gildi 1. janúar 1876. Af því leiðir, að embættismönnum þeim, sem nefndir eru í 8.—13.

gr. laganna, skal veita laun þau, sem ákveðin eru fyrir sjerhvern þeirra í lögnum frá degi þeim er nú var nefndur, eins og þeir af þessum embættismönnum, sem 31. desbr. þ. á. hefðu náð meiri launum eptir lögum þeim er hingað til hafa verið, en þeim er veitt er í lögnum, eiga tilkall til viðbótar fyrir sjálfa sig samkvæmt 1. liði 7. greinar laganna, og mun þar að auki öðrum kennara við prestaskólann bera lík viðbót að upphæð 400 krónur árlega samkvæmt 13. gr. b. 1. a. fjárlaganna — allt samkvæmt hjálögðu bráðabirgða yfirliti yfir það, sem borga á 1876 samkvæmt 10.—13. gr. fjárlaganna.

Með tilliti til spurningarinnar um rjett embættismanna þeirra, til að fá launahækkun, sem eptir lögum þeim, er hingað til hafa verið, höfðu aðgang til að fá slík aukin laun, hafið þjer herra landshöfðingi í þóknanlegu brjefi frá 30. ágúst tekið fram, að ákvörðun þeirri í 3. liði 7. greinar laganna, sem hjer er um að ræða og sem að álitu yðar sje miður heppilega orðuð, mætti beita þannig, að gefinn yrði, þá er lögin næðu gildi, sjerhverjum embættismanni kostur á að kjósa, hvört heldur hann vildi framvegis þiggja laun sín samkvæmt lögum þeim, er hingað til hafa verið eða samkvæmt lögnum. Áður en nú leyst er úr þessari spurningu fyrir fullt og allt, hefur ráðgjafinn eigi viljað leiða hjá sjer tjáð þóknanleg ummæli yðar um ástæðurnar fyrir þessu álitu yðar, og skal þess fyrirfram getið, að ráðgjafinn, sem ekki hefur haft færi á að kynna sjer umræðurnar á alþingi, og því að eins getur byggt skilning sinn á orðum og máli laganna sjálfra, samkvæmt þeim helzt verður að ætla, að það sje hugsunin í nefndri ákvörðun, að embættismenn þeir, er þegar eru skipaðir, skuli halda rjetti sínum samkvæmt lögum þeim er hingað til hafa verið til að fá launaviðbót eptir embættisaldri sínum, þrátt fyrir það, að þeir þar með myndu fá hærri laun en hin nýu lög veita embætti því, sem um er að ræða, og getur ráðgjafinn eigi sjeð, hvaðan heimild geti fengizt fyrir því, að þeir, þrátt fyrir hina ljósu ákvörðun í 15. grein laganna, ættu að sleppa tilkalli því til launahækkunar, er leidir af hinum nýju lögum.

Hvað viðvikur embættismönnum þeim, sem getur um í lögum um aðra skipun læknaþjéradanna á Íslandi o. fl. mun með tilliti til hjeraðslækna þeirra, sem nú eru skipaðir, ekki verða spurning um rjett þann til að fá hærri laun en lögin heimila, sem þeir gætu haft eptir lögum þeim, er hingað til hafa verið, því 2. liður 3. greinar nýnefndra laga vísar að eins til 7. greinar launalaganna að svo miklu leyti hjeraðslæknar þeir, sem nú eru skipaðir, hafa meiri laun, en þeim bæri samkvæmt 1. liði 3. greinar, og kemur því að eins við 1sta lið 7. greinar launalaganna; en þar að auki heimilar, hvað sem öðru liður, 3. liður 7. greinar þessara laga að eins embættismönnum þeim sem nefndir eru í þessum lögum, aðgang þann, sem getur um til hærri launa. Samkvæmt þessu munu hjeraðslæknar þeir sem nú eru, frá 1. janúar 1876 að eins hafa tilkall til launa samkvæmt 1. lið 3. greinar læknalaganna, og ef þeim 31. desbr. þ. á. bæri meiri laun en þeir eiga tilkall til samkvæmt þessum lögum, launaviðbót fyrir sjálfa þá, samkvæmt 2. lið 3. gr. læknalaganna, sbr. 1. lið 7. greinar launalaganna, og skal um það vísað til meðfylgjandi yfirlits.

Með tilliti til þess, að tekjurnar af embættisjörðum skulu til greina teknar, þá er laun lækna þeirra, sem nú eru, verða ákveðin, skal ráðgjafinn þjónustusamlega skora á herra landshöfðingjann að útvega skýrslur þær, sem samkvæmt 3. grein læknalaganna ber að útvega í þessu tilliti frá læknunum í eystra hjeraði suðurumdæmisins og í Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslum, og er áskilið þar eptir að kveða nákvæmar á um hvernig reikna skuli launaviðbótina handa þessum 2 læknum.

Með tilliti til skrifstofufjár þess, sem veitt er með 14. grein launalaganna og fjár-

1875

98
8da
nóvbr.

lögnum, skal vísað til yfirlits þess, er getið hefur verið, og skal ráðgjafinn með því að hann eins og sagt var, ekki hefur umræðurnar á alþingi, biðja sjer tjáð þóknanleg ummæli yðar um ástæðuna til þess, að skrifstofufje 2 amtmannanna hefur verið fært niður, og hvort eigi hafi verið ætlun alþingis, að þessi lækkun ætti einnig að ná til amtmanna þeirra, sem nú eru.

Loksins skal með tilliti til þess hvernig greiða skuli laun o. fl. vísað til fyrirmæla þeirra, sem getur um í dómsmálastjórnarbrjefi frá 20. febr. 1866 sbr. við brjef hinnar íslenzku stjórnardeildar frá 15. apríl 1851 og 4. marz 1871¹.

Í sambandi við þetta skal ekki undanfelld að geta þess, að með því að það riður í bága við 25. grein stjórnarskrárinnar, að alþingi hefur neitað 192 króna árs upphæð þeirri, sem fjárlagafrumvarpið veitti sem styrktarfje í stað spítala þess á Gufunesi, sem hefur verið lagður niður, en þetta styrktarfje var veitt með konungsúrskurði frá 18. septbr. 1793, hefur ráðgjafinn til þess að bæta úr göllum þessum við fjárlagafrumvarp það sem alþingi hefur samþykkt, álitíð sjer skylt að reyna að fá ofannefndan konungsúrskurð frá 1793 felldan úr gildi, áður en fjárlagafrumvarpið var horið undir úrskurð konungs, og hafa tillögur um það verið samþykktar með konungsúrskurði frá 7. f. m. Um leið og vísað er í þessu tilliti til auglýsingar ráðgjafans frá 9. f. m. í stjórnartíðindum A nr. 12, skal yður veitt umboð til, að því leyti styrkir þeir, sem nú sem stendur eru veittir, eigi skyldu verða greiddir af árstekjum styrktarsjóðs þess, sem stofnaður var með konungsúrskurði frá 14. marz 1832, að greiða það sem á vantar úr jarðabókarsjóðnum í von um aukafjarveitingu, og býst ráðgjafinn við að fá skýrslu um það sem gjört er í þessu tilliti.

Um leið og nokkur sjerstaklega prentuð exemplör af fjárlögnum og athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið, eru send yður hjer með til þess að þjer sjálfir getið notað þau og útbýtt þeim til hlutaðeigandi embættismanna, skal að lokum tekið fram, að brjef þetta skal birt í stjórnartíðindum deildinni B.

99
8da
desbr.

Brjef landshöfðingja (til bæjarfógetans í Reykjavík).

Í þóknanlegu brjefi frá 27. f. m. hafið þjer herra bæjarfógeti tjáð mjer, að Guðlaugur Sigurðsson hafi 26. janúar þ. á. verið settur inn í hegningarhúsið hjer í bænum eptir að vera dæmdur í 16 mánaða þetrunarhúsvinnu, og að hann hafi tekið út hegningu þessa með því að vera í einhýsi nótt og dag; en þess vegna ber samkvæmt 14. grein almennra hegningarlaga að stytta hegninguna um þriðjung. Þjer hafið því spurt um, hvernig reikna skuli hegningartíma þenna sem verði $10\frac{2}{3}$ mánuðir, er hann sje stytur á nefndan hátt.

Af þessu tilefni leiði jeg ekki hjá mjer þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar, að reikna skal hegningartímann er færður er niður, samkvæmt hinni tilvitnuðu lagagrein, þannig, að heilir mánuðir reiknist sem rímmánuðir, en hlutar af mánuði verði einatt reiknaðir, eins og mánuðurinn hefði 30 daga án tillits til þess, í hverjum mánuði fanganum er sleppt. Guðlaugi Sigurðssyni þeim, sem spurt hefur verið um, ber því að sleppa úr hegningarhúsinu 15. þ. m. um sömu klukkustund og hann var settur inn 26. janúar þ. á.

1) Brjef þessi eru prentuð í tíðindum um stjórnarmálefni II, 306 og III, 145, og Lovsamling for Island XV, 71.